

kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Rannsóknarráð ríkisins f. h. Atvinnunudeildar Háskólans, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stéttarfélags verkfræðinga vegna Jóhanns Jakobssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. apríl 1957.

Nr. 11/1956. **Rafn Jensson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
 gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.

Íslenzkra aðalverktaka s.f.

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Verkfræðingar. Aukagreiðsla til verkfræðings hvorki talin hafa verið dagpeningar né hluti grunnlauna, og var atvinnurekandanum því eigi talið skylt að greiða vísitöluuppbót á greiðslu þessa.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Rafni Jenssyni verkfræðing, Köldukinn 7, Hafnarfirði, með stefnu dags. 28. júní f. á. gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Íslenzkra Aðalverktaka s.f., en stéttarfélag stefnanda, Stéttarfélag verkfræðinga, hafði hinn 26. s. m. neitað að fara með mál þetta fyrir hann.

Málavextir eru þessir:

Hinn 16. marz 1955 réðist stefnandi í þjónustu stefnda til verkfræðistarfa. Þegar sú ráðning fór fram, var í gildi

milli stefnda og Stéttarfélags verkfræðinga kjarasamningur, dags. 15. september 1954.

Í 8. gr. þess samnings segir svo:

„Þurfi verkfræðingur að ferðast á vegum vinnuveitenda, skal greiða honum dagpeninga, sem nánar eru ákveðnir í ráðningarsamningi. Þar skal og kveða á um slysatryggingu verkfræðinga á vinnustað og á ferðalögum.“

Enginn skriflegur ráðningarsamningur var gerður milli stefnanda og stefnda, en ágreiningslaust er, að stefndi átti að fá og fékk kaup samkvæmt framangreindum kjarasamningi. Þá fékk stefnandi og kr. 2500.00 á mánuði auk hinna föstu launa. Heldur hann því fram, að þessi fjárhæð hafi verið dagpeningar samkvæmt 8. gr. kjarasamningsins. Hins vegar kveður stefndi, eins og síðar verður rakið nánar, að hér hafi aðeins verið um að ræða fasta greiðslu, eins konar „staðaruppbót“, sem ekki hafi byggst á ákvæðum kjarasamningsins.

Hinn 29. júní 1955 voru gerðir nýir kjarasamningar milli stefnda og Stéttarfélags verkfræðinga, er skyldu gilda frá 1. maí s. á. Við þá samningsgerð var ákvæðum 8. gr. hins eldri kjarasamnings frá 15. september 1954 breytt, og urðu þau svohljóðandi, samkvæmt 9. gr. þess samnings, er nú var gerður:

„Þurfi verkfræðingur að ferðast á vegum vinnuveitenda, skal greiða honum dagpeninga að grunnupphæð 100.00 kr. Vinnuveitandi tryggir verkfræðinginn gegn hverskonar slysum í starfi.“

Eftir að síðastnefndur kjarasamningur gekk í gildi, gerði stefnandi kröfu til þess, að hann fengi vísitöluuppbót á „dagpeningana“ kr. 2500.00, en á þeirri greiðslu varð ekki nein breyting, þótt nýr kjarasamningur gengi í gildi, og ekki var þá heldur gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnda. Kveður hann, að ástæðan til þess hafi verið krafan um vísitöluuppbót á „dagpeningana“, sem stefndi hafi stöðugt neitað að greiða.

Þegar ekki náðist samkomulag um þetta, höfðaði stefnandi mál þetta, svo sem að framan greinir, en hann var í þjónustu stefnda til 18. ágúst f. á.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru þær, að dæmt verði, að stefnda sé skylt að greiða stefnanda vísitöluuppbót á dagpeninga að grunnupphæð kr. 100.00 frá 16. marz 1955 eða til vara frá 1. maí s. á. til 18. ágúst 1956, samkvæmt 8. gr. framangreinds kjarasamnings frá 15. sept. 1954 og síðari gildandi kjarasamningum.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar fyrst og fremst á því, að fjárhæð sú, kr. 100.00 á dag, eða alls kr. 2500.00 á mánuði, sem hann fékk, svo sem að framan greinir, hafi verið dagpeningar, samkvæmt ákvæðum framangreindra kjarasamninga, sem greiða hafi átt með vísitöluálagi frá upphafi ráðningartímans eða a. m. k. frá 1. maí 1955 í samræmi við ákvæði þess kjarasamnings, er þá gekk í gildi. Þá telur stefnandi, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að ákvæðin um dagpeninga ættu hér eigi beint við, þá bæri stefnda eigi að síður að greiða vísitöluuppbótina samkvæmt ákvæðum 2. gr. kjarasamningsins frá 29. júní 1955, en þar sé svo um samið, að greiða skuli verðlagsuppbót á allt grunnkaup.

Stefndi hefur eindregið neitað því, að kaupuppbót sú, kr. 2500.00 á mánuði, sem stefnandi fékk, hafi verið dagpeningar í merkingu 8. eða 9. gr. framangreindra kjarasamninga. Kveður hann, að ákvæðin um dagpeninga eigi aðeins við um þau tilvik, þegar verkfræðingur þarf að ferðast í erindum vinnuveitandans utan þess staðar, sem verkfræðingurinn er ráðinn til vinnu á. Þessu hafi ekki verið til að dreifa hér, þar sem heimili Íslenzkra Aðalverktaka s.f. hafi verið á Keflavíkurflugvelli og vinnan farið þar fram. Heldur stefnandi því fram, að umrædd greiðsla hafi verið einskonar staðaruppbót, fastákveðin fjárhæð, sem innt hafi verið af hendi samkvæmt sérstöku samkomulagi, en umfram skyldu, ef miðað er við ákvæði kjarasamningsins og utan ákvæða hans. Eigi stefnandi af þeim sökum engan samningslegan rétt til dýrtíðarálags á hana, enda þótt skylt sé að greiða

dýrtíðaruppbót á þau laun, sem kjarasamningurinn kveður á um.

Framkvæmdastjóri Stéttarfélags verkfræðinga hefur hér fyrir dómi lýst því yfir, að félagsstjórnin hafi litið svo á, að þar sem fastur vinnustaður stefnanda var á Keflavíkurflugvelli, hafi ekki verið um nein þau ferðalög að ræða, sem framangreind ákvæði (8. og 9. gr.) kjarasamninganna taki til, og hann því ekki átt rétt til neinna dagpeninga samkvæmt þeim ákvæðum. Stefnandi hefur ekki hnekkst því, að aðiljar þeir, er kjarasamningana gerðu, hafi gengið út frá þessari merkingu, er þeir sömdu, og þar sem hún kemur heim við eðlilegan skilning á umræddum ákvæðum, verður ekki talið, að stefnandi geti byggt rétt til vísitöluálags þess, er hann gerir kröfu til, á ákvæðum kjarasamningsins um dagpeninga.

Af hálfu stefnanda hefur ekki heldur verið sýnt fram á, að oftnefnd greiðsla kr. 2500.00 hafi verið innt af hendi sem grunnlaun samkvæmt ákvæðum kjarasamninganna frá 15. september 1954 og 29. júní 1955. Getur hann því ekki heldur byggt kröfu um greiðslu vísitöluppbótar á ákvæðum 2. gr. síðarnefnds samnings.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda kr. 1500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Íslenzkra Aðalverktaka s.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Rafns Jenssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.